

BORGARRÁÐ 16. desember 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hæfniskröfur til stjórnarsetu í fyrirtækjum Reykjavíkurborgar MSS21120225

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvaða kröfur um þekkingu, hæfni og reynslu núverandi meirihluti gerir til þeirra sem sitja fyrir hönd Reykjavíkurborgar í stjórnnum bs. fyrirtækja og samkeppnisfyrirtækja sem eru í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar. Má þar nefna fyrirtæki eins og SORPA og Malbikunarstöð Reykjavíkur. Spurt er hvort þess sé krafist að þeir sem sitja í stjórn fyrir hönd Reykjavíkur leggi fram ferilsskrá, hafi viðtæka reynslu í þeim verkefnum sem fyrirtækin sinna, hafi reynslu af rekstri fyrirtækja, þurfi að sína fram á menntunarkröfur eða annað? Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir því að ef slík gögn um hæfiskröfur eða hæfi stjórnarmanna eru til staðar að þau verði lögð fram.